



ALMENNAR SKÝRINGAR VARDANDI VATNSLAGNIR, HITALAGNIR OG FRÁVEITULAGNIR

Í grein 120.2 í Byggingareglugerð segir :
 "Á meðan ekki eru til staðlar og/eða tæknisamþykki fyrir viðkomandi vöru til þess að ákvæði mgr. 120.1 verði virk skal krafist vottorða/umsagna um notkunarsvið vöru frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Brunamálastofnun ríkisins eða öðrum þar til bærnum aðilum sem umhverfisráðuneytið viðurkennir."
 Húsbýggjandi skal því ganga úr skugga um að allt lagnaefni er hann hyggst nota til þessa verks uppfylli ofangreinar kröfur Byggingareglugerðarinnar.

Fráveitulagnir í jörðu.
 Sjá teikningar nr. -2-01 og -2-02.

Skólplagnir innanhúss
 Allar skólplagnir ofan gólfplötu skulu vera plaströr (PP) eða sambærilegt. Allt efni og allur frágangur skal uppfylla IST 68:2003.

Vatnslagdir
Almennt
 Allar lagnir liggja við loft, á útveggjum eða á létum innveggjum. Við öll hreinlætistæki skulu vera stoppkranar. Blöndunartæki skulu vera hitastýrð til að tryggja það að hitastigið á heita vatninu fari ekki yfir 55 °C. Öll hreinlætistæki skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til hreinlætistækja í flokki 1 (LAB <= 20 dB(A)). Efni og frágangur skal vera í samræmi við IST 67:2003.

Kalda- og heitavatnslögn
 Leiðslur skulu vera plastlagnir úr polypropylene-random (PP-R) með fiberkjama og lagnir skulu vera í þrýstiflokki SDR 7,4 (PN16) samkvæmt DIN 8077/78. Samskeyti skal sjóða saman og nota skal tilætlaðan suðufittings frá sama framleiðanda. Sýnilegar lagnir að hreinlætistækjum skulu vera sömu gerðar en hvít að lit og óeinangraðar.

Stofnalagnir skal einangra með steinullarhökum með áfóstum trefjastyrktum áldúk eða sambærilegt. Pipur DN 20 og minni með 20 mm þykkri einangrun og lagnir stærri en DN 20 með 30 mm þykkri einangrun. Ekki má nota plastvafning, plastbónd eða annað brennanlegt efni utan um einangrun.

Pipur skulu hengdar í þar til gerðar baulur eða rólur með festiteinum í steypu eða burðarbita. Fjarlægð milli upphengja má ekki vera meiri en 0,7 m fyrir Ø20, 0,95 m fyrir Ø32 og 1,1 m fyrir Ø40, sjá annars leiðbeiningar framleiðanda.

Þrýstiprófa skal lagnir með 15 bar vatnsþrýstingi eða 1,5 x hámarksþrýsting frá vatnsveitu og skal það gert samkvæmt forskrift framleiðanda róranna.

Slökkvilagnir
 Leiðslur skulu vera úr galv. stáli samkvæmt DIN 2440 og skulu tengistykki vera af sama uppruna og rörin.

Allar lagnir skulu prófaðar með 6 bar vatnsþrýstingi sem skal standa í 24 tíma.

Allar pipur undir loftum (gitterbitum) skulu hengdar í þar til gerðar baulur eða rólur. Lagnir utaná veggjum skulu festar á málmfestingar þétt við vegg og skulu festingar allar vera af sömu gerð. Mesta fjarlægð milli upphengja er 2 m.

Hitalagnir
 Leiðslur skulu vera venjulegt svört stálror samkvæmt DIN 2440, efni St. 33-2 samkvæmt DIN 17100. Tengistykki skulu vera samkvæmt DIN 2950 og af sama uppruna og rörin. Leiðslur skulu og vera þunnvegga stálror með hvítu plastkápum. Gæta skal þess að fara í einu og öllu eftir leiðbeiningum framleiðanda pipanna hvað varðar allar samsetningar, krana, frágang, uppsetningu og festingar. Allar lagnir skulu prófaðar með 6 bar vatnsþrýstingi sem skal standa í 24 tíma.

Pipur og piputengi skal einangra með 15 mm steinullarhökum með áfóstum trefjastyrktum áldúk eða sambærilegu. Sýnilegar dreifil- og tengilagnir á veggjum eru án einangrunar. Ekki má nota plastvafning, plastbónd eða annað brennanlegt efni utan um einangrun.

Allar pipur undir loftum skulu hengdar í þar til gerðar baulur eða rólur. Lagnir utaná veggjum skulu festar á málmfestingar þétt við vegg og skulu festingar allar vera af sömu gerð. Mesta fjarlægð milli upphengja er 2 m. Valdri ofnar skulu framleiðdir samkvæmt IST EN 442 og á alla ofna komi loftskrúfa og stillilít. Reynsluþrýstingur er 8 bar.

TEIKNITÁKN OG MERKINGAR

- | | |
|--------------------|--|
| ☒ LOKI | ● DÆLA |
| ☒ EINSTREYMISLOKI | ☒ ÞRÝSTIJAFNAR Ø20, KVS = 6,3 M ³ /KLST, q = 0,70 L/S |
| ☒ SÍA | ☒ ÞRÝSTILÉTTIR Ø25, q = 0,28 L/S VIÐ 0,2-0,3 BAR |
| ☒ ÖRYGGISLOKI | ☒ MÓTÞRÝSTIJAFNARI Ø25, |
| ☒ MÆLIR | ☒ FLÆÐI LOKI |
| ☒ STILLITÉ | |
| ☒ LOFTTÆMING | |
| ☒ TÆMINGARKRANI | |
| ☒ HITASTÝRÐUR LOKI | FRAMRÁS HITAVEITU |
| ☒ HITAMÆLIR | BAKRÁS HITAVEITU |
| ☒ ÞRÝSTIMÆLIR | HEITT NEYSLUVATN |
| | KALT NEYSLUVATN |
| | SLÖKKVIVATN |

ÁRTUN BYGGINGARFULLTRÚA

KT

NR. DAGS BREYTING SAMD.

ferill
VERKFRÆÐISTOFA

TJARNARVELLIR 15

HITA- OG ÞRIFAKERFI
ALMENNAR SKÝRINGAR
INNTAKSGRIND

20. SEPT. 2005

MKV 120
ÁRTUNBYGGINGARFULLTRÚA

TEKN. DAGS ÚTG. DAG 12.09.05
TEKN. NÚMÉR 1061-3-01

ferill@ferill.is